



# LÝÐRÆÐI OG SKAUTUN

Upplifun fólks af áróðri og  
viðhorf til mismunandi hópa

Niðurstöður spurningakönnunar  
Maskínu fyrir Fjölmiðlanefnd og Netvís



FJÖLMIÐLANEFND  
ICELANDIC MEDIA COMMISSION

**Netvís**

## Lýðræði og skautun Upplifun fólks af áróðri og viðhorf til mismunandi hópa

Niðurstöður spurningakönnunar Maskínu fyrir Fjölmiðlanefnd og Netvís

Apríl 2026

Fjölmiðlanefnd og Netvís

Maskína

Umsjón:

Skúli Bragi Geirdal og Haukur Brynjarsson

# HELSTU NIÐURSTÖÐUR

**43,8%**

hafa miklar áhyggjur af áróðursherferðum erlendra ríkja hér á landi.

**76%**

segjast hafa orðið vör við áróðursherferðir erlendra ríkja á sl. 12 mánuðum.

**74,4%**

af þeim sem sögðust hafa orðið varir við áróðursherferðir erlendra ríkja hér á landi á sl. 12 mánuðum urðu varir við slíkt á Facebook.

**36,1%**

hafa miklar áhyggjur af því að áróðursherferðir erlendra ríkja gætu haft áhrif á kosningar eða þjóðaratkvæðagreiðslur.

**50,5%**



segjast vel undirbúin til þess að sjá í gegnum áróðursherferðir erlendra ríkja hér á landi.

## Tæpur helmingur hefur miklar áhyggjur af áróðursherferðum erlendra ríkja

Alls sögðust 43,8% svarenda hafa miklar áhyggjur af áróðursherferðum erlendra ríkja hér á landi sem reyna að grafa undan samfélagslegu trausti og lýðræðislegum gildum. Þar af voru 14,6% sem sögðust hafa mjög miklar áhyggjur af slíku. Þriðjungur svarenda sagðist hafa í meðallagi miklar áhyggjur og 23% sögðust hafa litlar eða engar áhyggjur af slíkum herferðum.

Konur hafa meiri áhyggjur en karlar, 52% kvenna sagðist hafa miklar áhyggjur en hlutfall karla sem tók í sama streng var 37,2%. Almennt er ekki mikinn munur að greina á áhyggjum svarenda eftir aldri fyrir utan að yngsti aldrishópurinn segist hafa meiri áhyggjur en eldri hópar. Alls sögðust 22,2% svarenda á aldrinum 18-29 ára hafa mjög miklar áhyggjur. Meðalhlutfallið á meðal hinna aldrishópanna sem tóku sömu afstöðu var 13,6%.


### Hefur þú miklar, litlar eða engar áhyggjur af áróðursherferðum erlendra ríkja hér á landi sem reyna að grafa undan samfélagslegu trausti og lýðræðislegum gildum?



## Mikill meirihluti orðið var við áróðursherferðir erlendra ríkja sl. 12 mánuði

Langflestir aðspurðra, eða 76%, sögðust hafa orðið varir við áróðursherferðir erlendra ríkja hér á landi sem reyna að grafa undan samfélagslegu trausti og lýðræðislegum gildum á undanförunum 12 mánuðum. Þá sagðist stærstur hluti þeirra, eða 32%, hafa séð slíkt sjaldnar en einu sinni í mánuði. Alls sögðust 20,8% hafa orðið varir við slíkt einu sinni til þrisvar í mánuði og 12,1% nokkrum sinnum í viku. Hlutfall þeirra sem sögðust hafa orðið varir við slíkar herferðir daglega var 9,4% en aðeins 1,8% urðu varir við slíkt oft á dag.

### Hversu oft hefur þú orðið var(t)/vör við slíkar áróðursherferðir á undanförunum 12 mánuðum?



Lítil munur er á upplifun kynjanna í þessu samhengi en greina má mun eftir aldrí. Yngsti aldurshópurinn sagðist hafa orðið var við slíkar áróðursherferðir oftast og ber að nefna að 19% svarenda í þeim hópi sögðust hafa orðið varir við slíkt a.m.k. daglega. Elsti aldurshópurinn hafði hins vegar orðið sjaldnast var við slíkar áróðursherferðir allra hópa.

### Hversu oft hefur þú orðið var(t)/vör við slíkar áróðursherferðir á undanförunum 12 mánuðum?

			Oft á dag	Daglega	1-6 sinnum í viku	1-3 sinnum mánuði	Sjaldnar	Aldrei
<b>Allir</b>		(767)	1.8%	9.4%	12.1%	20.8%	32.0%	24.0%
<b>Kyn</b>	Karl	(430)	2.3%	8.5%	13.6%	23.0%	30.5%	22.2%
	Kona	(337)	1.2%	10.5%	10.1%	18.0%	33.8%	26.4%
<b>Aldur</b>	18-29 ára	(166)	3.3%	15.7%	13.2%	23.4%	30.1%	14.3%
	30-39 ára	(157)	2.1%	9.3%	11.6%	19.3%	34.8%	22.9%
	40-49 ára	(132)	0.5%	8.7%	18.2%	21.9%	28.2%	22.4%
	50-59 ára	(124)	1.9%	4.4%	11.7%	22.1%	35.3%	24.5%
	60-69 ára	(110)	0.5%	8.7%	8.6%	21.2%	31.6%	29.5%
	70 ára og eldri	(78)	1.8%	6.1%	5.5%	13.5%	31.8%	41.4%
<b>Búseta</b>	Reykjavík	(299)	3.4%	10.7%	13.1%	20.2%	28.1%	24.5%
	Nágr. Sveitarfélög Rvk	(190)	1.3%	10.3%	6.8%	22.6%	35.0%	23.9%
	Suðurland og Reykjanes	(97)	1.2%	5.7%	11.1%	20.7%	37.3%	23.9%
	Vesturland og Vestfirðir	(53)		6.4%	17.5%	11.7%	42.5%	22.0%
	Norðurland	(84)		10.2%	17.0%	18.9%	30.9%	22.9%
	Austurland	(38)		7.6%	13.0%	28.1%	21.3%	30.1%
<b>Börn á leikskólaaldri</b>	Já	(106)	3.3%	7.3%	12.9%	23.5%	32.7%	20.4%
	Nei	(648)	1.6%	8.8%	12.2%	20.5%	32.0%	24.9%
<b>Börn á grunnskólaaldri</b>	Já	(192)	0.4%	8.3%	12.2%	21.2%	36.0%	22.0%
	Nei	(562)	2.3%	8.7%	12.3%	21.0%	30.7%	25.0%
<b>Börn á framhaldsskólaaldri</b>	Já	(100)		7.2%	20.6%	19.3%	33.6%	19.4%
	Nei	(654)	2.1%	8.8%	11.0%	21.3%	31.8%	25.0%
<b>Börn aðrir aldurshópar</b>	Já	(145)	1.7%	7.8%	8.3%	23.1%	37.0%	22.1%
	Nei	(605)	1.9%	8.8%	13.1%	20.7%	30.8%	24.8%

### Flestir urðu varir við áróðursherferðir erlendra ríkja á Facebook

Af þeim sem sögðust hafa orðið varir við áróðursherferðir erlendra ríkja hér á landi á undanförunum 12 mánuðum sögðust langflestir, eða 74,4%, hafa orðið varir við slíkt á Facebook. Tæpur þriðjungur þeirra sögðust hafa séð slíkt á Instagram, 29,8% á TikTok, 24,9% á Youtube og 24% á X (Twitter). Þá sögðust 8,8% hafa orðið varir við áróðursherferðir á Reddit og örfáir sögðu Telegram og WhatsApp. Um 6% svarenda sögðust hafa orðið varir við áróðursherferðir annars staðar en á þeim miðlum sem spurt var sérstaklega um.

### Hvar varðst þú var(t)/vör við slíkar áróðursherferðir?

	Fjöldi	%
Facebook	339	74.4%
Instagram	145	31.8%
TikTok	136	29.8%
YouTube	114	24.9%
X (Twitter)	110	24.0%
Reddit	40	8.8%
Telegram	7	1.6%
WhatsApp	1	0.3%
Annars staðar	27	5.9%
Fjöldi svara	919	100.0%
Fengu ekki spurninguna	395	40.4%
Veit ekki	109	11.1%
Vil ekki svara	17	1.8%
Heildarfjöldi	1,441	100.0%
Fjöldi svarenda	978	100.0%

Hér gátu svarendur merkt við fleiri en einn svarkost. Því geta verið fleiri svör en svarendur. Aðeins þau sem sögðust hafa orðið vör við áróðursherferðir (sp. 24) fengu þessa spurningu.

Almennt urðu konur frekar varar við áróðursherferðir erlendra ríkja hér á landi á TikTok og Instagram en karlar á X og Youtube. Yngri svarendur urðu í ríkari mæli varir við slíkt á Tiktok, Instagram og X en eldri svarendur. Sama til hvaða aldurshóps er litið þá urðu þátttakendur helst varir við áróðursherferðir á Facebook.

## Hvar varðst þú var(t)/vör við slíkar áróðursherferðir?

			Facebook	Instagram	TikTok	YouTube	X (Twitter)	Reddit	Telegram	WhatsApp	Annars staðar
<b>Allir</b>		(456)	74.4%	31.8%	29.8%	24.9%	24.0%	8.8%	1.6%	0.3%	5.9%
<b>Kyn</b>	Karl	(268)	72.2%	29.7%	25.4%	28.1%	26.8%	11.7%	2.5%	0.3%	7.2%
	Kona	(188)	77.4%	34.7%	35.9%	20.4%	20.0%	4.7%	0.3%	0.3%	4.1%
<b>Aldur</b>	18-29 ára	(118)	63.0%	42.2%	61.9%	28.8%	34.3%	10.7%	2.7%		3.0%
	30-39 ára	(98)	74.8%	36.2%	21.6%	27.1%	28.2%	17.0%			5.6%
	40-49 ára	(86)	78.0%	32.0%	21.9%	23.5%	25.0%	9.0%	2.0%		8.0%
	50-59 ára	(70)	81.3%	29.6%	21.7%	14.9%	17.9%	3.0%	0.7%	2.0%	5.0%
	60-69 ára	(55)	73.4%	11.7%	12.2%	25.1%	10.2%	0.9%	3.2%		9.3%
	70 ára og eldri	(29)	93.0%	17.5%	3.2%	29.1%	6.5%	1.9%			8.4%
<b>Búseta</b>	Reykjavík	(182)	73.8%	33.8%	35.1%	30.4%	31.2%	11.5%	2.4%		2.7%
	Nágr. Sveitarfélög Rvk	(106)	75.2%	32.4%	29.8%	20.1%	24.0%	7.6%	1.6%	0.8%	5.9%
	Suðurland og Reykjanes	(51)	72.5%	31.7%	22.0%	21.0%	14.3%	8.8%	2.3%		6.6%
	Vesturland og Vestfirðir	(34)	76.3%	33.0%	25.3%	26.9%	17.6%	13.5%			15.7%
	Norðurland	(56)	72.1%	26.8%	24.8%	18.3%	20.4%	3.8%		0.9%	9.8%
	Austurland	(22)	85.6%	26.4%	21.3%	25.6%	12.0%				6.5%
<b>Börn á leikskólaaldri</b>	Já	(72)	72.5%	31.5%	32.2%	20.9%	20.2%	15.5%	2.4%		3.4%
	Nei	(375)	74.3%	31.9%	29.3%	25.6%	25.1%	7.4%	1.5%	0.4%	6.1%
<b>Börn á grunnskólaaldri</b>	Já	(111)	73.2%	29.7%	29.4%	17.4%	19.7%	7.5%	1.8%	0.8%	6.6%
	Nei	(336)	74.3%	32.5%	29.8%	27.2%	25.8%	9.0%	1.6%	0.2%	5.3%
<b>Börn á framhaldsskólaaldri</b>	Já	(61)	70.6%	30.6%	30.2%	14.8%	20.1%	7.2%		1.5%	4.6%
	Nei	(387)	74.6%	32.0%	29.7%	26.3%	25.0%	8.9%	1.9%	0.1%	5.8%
<b>Börn aðrir aldurs hópar</b>	Já	(85)	71.9%	35.9%	34.1%	11.3%	27.9%	4.1%		0.6%	1.7%
	Nei	(361)	74.8%	30.9%	28.5%	28.1%	23.5%	9.5%	2.0%	0.2%	6.6%

## Eldra fólk telur sig verr undirbúið til þess að sjá í gegnum áróðursherferðir en yngra

Helmingur svarenda, eða 50,5%, sagðist vel undirbúinn til þess að sjá í gegnum áróðursherferðir erlendra ríkja hér á landi sem reyna að grafa undan samfélagslegu trausti og lýðræðislegum gildum. Hlutfall þeirra sem sögðust illa undirbúnir var 14,5% og í meðallagi undirbúnir var 35%.

## Hversu vel eða illa ertu undirbúi(n/n/ð) til þess að sjá í gegnum slíkar áróðursherferðir?

	Fjöldi	%	
Mjög vel (5)	108	13.2%	13.2%
Fremur vel (4)	302	37.2%	37.2%
Í meðallagi (3)	284	35.0%	35.0%
Fremur illa (2)	90	11.1%	11.1%
Mjög illa (1)	28	3.4%	3.4%
Fjöldi svara	812	100.0%	
Veit ekki	150	15.4%	
Vil ekki svara	15	1.6%	
Heildarfjöldi	978	100.0%	



<b>Allir</b>	Vel 50.5%	Í meðallagi 35.0%	Illá 14.5%	
<b>Kyn</b>	Karl	Vel 57.1%	Í meðallagi 32.0%	Illá 10.9%
	Kona	Vel 42.5%	Í meðallagi 38.7%	Illá 18.9%
<b>Aldur</b>	18-39 ára	Vel 68.9%	Í meðallagi 24.7%	Illá 6.4%
	40-59 ára	Vel 47.4%	Í meðallagi 39.1%	Illá 13.5%
	60 ára og eldri	Vel 23.1%	Í meðallagi 47.0%	Illá 30.0%

Töluverður munur var á afstöðu kynjanna hér, en 57,1% karla sögðust vel undirbúnir til þess að sjá í gegnum áróðursherferðir erlendra ríkja en aðeins 42,5% kvenna tóku sömu afstöðu. Þá er einnig greinilegt kynslóðabil en yngri svarendur sögðust í ríkari mæli vera vel undirbúnir en eldri. Mikill meirihluti, eða um 70%, svarenda á aldrinum 18-39 ára sagðist vel undirbúinn til þess að sjá í gegnum slíkar áróðursherferðir. Hlutfallið á meðal 40-59 ára var hins vegar 47,4% og aðeins 23,1% á meðal 60 ára og eldri.

## Þriðjungur hefur miklar áhyggjur af áhrifum áróðursherferða á kosningar eða þjóðar- atkvæðagreiðslur hér á landi

Rétt rúmur þriðjungur svarenda, eða 36,1%, sagðist hafa miklar áhyggjur af því að áróðursherferðir erlendra ríkja gætu haft áhrif á kosningar eða þjóðar atkvæðagreiðslur hér á landi í náninni framtíð. Nánast sama hlutfall, eða 35,6%, svaraði í meðallagi og 28,2% sögðust hafa litlar eða engar áhyggjur. Afstaða kynjanna í þessu samhengi er keimlík og ekki má greina mikinn mun á milli aldurshópa. Helst er það yngsti alders- hópurinn, 18 – 29 ára, sem hefur meiri áhyggjur en eldri hópar.

Hefur þú miklar, litlar eða engar áhyggjur af því að áróðursherferðir erlendra ríkja gæti haft áhrif á kosningar/þjóðar atkvæðagreiðslur hér á landi í náninni framtíð?



\*Hafa skal í huga að spurningakönnunin var lögð fyrir þátttakendur áður en ríkisstjórn Íslands tilkynnti um að dagsetning fyrir fyrirhugaða þjóðar atkvæðagreiðslu um áframhaldandi aðildarviðræður að ESB lægi fyrir.

## Stríðsátök, hatur og innflytjendamál valda tilfinningalegu uppnámi

„Eru málefni sem þú fylgist með á netinu sem valda þér tilfinningalegu uppnámi?“ er opin spurning sem þátttakendur fengu. Svör þátttakenda voru mörg og mismunandi en nokkur málefni komu ítrekað fram. Það voru m.a. átök á Gaza og í Úkraínu, hatur í garð ýmissa hópa s.s. trúarhópa og hinsegin fólks, innflytjendamál, ofbeldi gegn börnum, forseti Bandaríkjanna og stjórnvöld þar í landi.

„Hatur í garð annara vegna skoðana, uppruna, kyns, kynvitundar“

„Líðan barna“

„Ofbeldi og slæm meðferð á börnum“

„Trump“

„Woke-ismi, pólitísk rétt hugsun. Stríð og ófriður“

„Rasismi í íslensku samfélagi“

„Islam-væðing Evrópu“

„Stríðin“

„Grimmd í heiminum svo sem stríðsrekstur, minni skilningur á fjölbreytileika mannlífsins“

„Ástandið í Palestínu“

„Hatur gegn transfólki.  
Hatur gegn innflytjendum.  
Hatur gegn kvenfrelsi“

„Hnífaburður og ofbeldi“

„Donald Trump í Bandaríkjunum. Stríðið í Úkraínu og Gaza“

„Þjóðarmorð“


„Flóttamenn þau eiga að fara heim til sín og ekki að lifa á okkur“

# Hópar samfélagsins

Einni spurningu í könnuninni var sérstaklega ætlað að skoða skautun í íslensku samfélagi. Um er að ræða spurningu sem upphaflega er fengin frá Svíþjóð en sem aðlöguð var að íslensku samfélagi. Dæmi um breytingar frá upphaflegu sænsku spurningunni er að sænskum stjórnmalaflokkum var skipt út fyrir íslenska stjórnmalaflokka og ekki var spurt um Sama líkt og gert var í Svíþjóð. Þátttakendur sáu lista yfir hina ýmsu hópa samfélagsins og fengu val um hvort þeir hökuðu við tiltekinn hóp eða hópa ef þeim mislíkaði mjög við einhverja þeirra. Sama spurning var lögð fyrir í spurningakönnun Fjölmíðlanefndar árið 2022 og var þá spurt um sömu hópa en í ljósi breytinga í samfélaginu hefur nokkrum hópum verið bætt við. Hópurinn sem flestir svarendur hökuðu við og sögðust þ.a.l. mislíka mjög voru andstæðingar bólusetninga en 65,1% svarenda hökuðu við þann hóp. Þar á eftir komu hóparnir stuðningsfólk hernaðaraðgerða Ísrael á Gaza, andstæðingar þungunarrofs og þeir sem afneita loftslagsbreytingum. Yfir helmingur svarenda hakaði við þá hópa. Tæplega 40% hökuðu við talsmenn þess að kynin séu aðeins tvö og þjóðernissinna og þá voru um 30% sem hökuðu við stuðningsfólk Miðflokksins, vopnasafnara og talsmenn útgerðarinnar/sjávarútvegsfyrirtæki.

Hér fylgir listi með ólíkum hópum í samfélaginu sem fólk getur haft mismunandi skoðanir á. Er einhver hópur sem þér mislíkar mjög?

Á enda súlunnar má sjá hlutfall þeirra sem svöruðu „já“ árið 2025. Fyrir aftan það hlutfall má sjá þróun frá síðustu mælingu, 2022.



Á myndunum má sjá grænar og rauðar örvar ásamt prósentustigi fyrir aftan hópana. Þær tölur merkja hækkun eða lækkun hlutfallsins sem hakaði við hópinn í þetta skipti samanborið við árið 2022. Þeir hópar sem hafa ekki græna eða rauða ör og prósentustig eru hópar sem ekki var spurt um árið 2022. Ber þá að nefna að prósentustigið sýnir ekki hlutfallslega hækkun heldur einfaldlega prósentustigshækkun. Hóparnir þar sem hlutfall þeirra sem hökuðu við þá hækkaði mest frá árinu 2022 eru múslimar, sem hækka um 9,1%, innflytjendur, sem hækka um 7,3%, og andstæðingar bólusetninga, sem hækka um 7,0%. Hópurinn sem lækkar mest á milli kannanna er **vopnasafnarar\***, sem lækka um 6,5%. Athygli vekur að hækkun á sér stað í fleiri hópum en lækkun. Þá eru 6 hópar sem hækka um meira en 5% á milli kannanna en það eru andstæðingar bólusetninga, stuðningsfólk Miðflokksins, múslimar, stuðningsfólk Pírata, stuðningsfólk Vinstri Grænna og innflytjendur.


*\*Þegar spurningakönnunin var lögð fyrir síðast var mál áberandi í deiglunni sem tengdist vopnasöfnun. Hafa ber í huga að mál sem eru ofarlega á baugi í fjölmíðlum og samfélagsumræðunni hverju sinni geta haft áhrif á niðurstöður spurningakannanna.*

## Stjórnmalaskoðun: Hægri

Hér fylgir listi með ólíkum hópum í samfélaginu sem fólk getur haft mismunandi skoðanir á. Er einhver hópur sem þér mislíkar mjög?

### Stjórnmalaskoðun: Hægri

Á enda súlunnar má sjá hlutfall þeirra sem svörðu „já“ árið 2025. Fyrir aftan það hlutfall má sjá þróun frá síðustu mælingu, 2022.




Sjá má nokkrun mun á svörum eftir stjórnmálaskoðun svarenda. Hér að ofan má sjá niðurstöður fyrir þátttakendur sem skilgreina sig til hægri og svo að neðan þátttakendur sem skilgreina sig til vinstri.

## Stjórnmálaskoðun: **Vinstri**

Hér fylgir listi með ólíkum hópum í samfélaginu sem fólk getur haft mismunandi skoðanir á. Er einhver hópur sem þér mislíkar mjög?

### Stjórnmálaskoðun: Vinstri

Á enda súlunnar má sjá hlutfall þeirra sem svöruðu „já“ árið 2025. Fyrir aftan það hlutfall má sjá þróun frá síðustu mælingu, 2022.




Þá er einnig áhugavert að skoða myndina þegar búið er að skipta svörum eftir kyni. Sjá má að sömu hópar eru efst á blaði hjá báðum kynjum, þó hlutföllin séu ekki eins. Hins vegar þegar heildarmyndin er skoðuð er nokkur munur á niðurstöðunum eftir kyni.

## Kyn: Karlar

Hér fylgir listi með ólíkum hópum í samfélaginu sem fólk getur haft mismunandi skoðanir á. Er einhver hópur sem þér mislíkar mjög?

### Karlar

Á enda súlunnar má sjá hlutfall þeirra sem svöruðu „já“ árið 2025. Fyrir aftan það hlutfall má sjá þróun frá síðustu mælingu, 2022.




# Kyn: Konur

Hér fylgir listi með ólíkum hópum í samfélaginu sem fólk getur haft mismunandi skoðanir á. Er einhver hópur sem þér mislíkar mjög?

## Konur

Á enda súlunnar má sjá hlutfall þeirra sem svöruðu „já“ árið 2025. Fyrir aftan það hlutfall má sjá þróun frá síðustu mælingu, 2022.



# FRAMKVÆMD

Könnun þessi er gerð af Maskínu fyrir **Fjölmíðlanefnd og Netvís**. Skýrsla þessi fjallar um lýðræði og skautun – Upplifun fólks af áróðursherferðum erlendra ríkja, áhrif á kosningar og viðhorf til mismunandi hópa samfélagsins

Könnunin var lögð fyrir **Þjóðgátt Maskínu**, sem er þjóðhópur fólks (e. panel) sem dreginn er með tilviljunúrtaki úr þjóðskrá. Svarendur eru af öllu landinu og á aldrinum 18 ára og eldri. Við úrvinnslu voru gögnin vegin til samræmis við tölur Hagstofunnar þannig að hópurinn sem svarar endurspeglar þjóðina út frá kyni, aldri, búsetu og menntun. Við vigtun gagna getur birst örlítið misræmi í fjöldatölum og hlutföllum sem orsakast af námundun.

Gagnaöflun fór fram dagana 3. – 10. nóvember 2025 og voru svarendur 978 talsins

